

✉ Re: Hvítanes_skipulagslýsing

Búið til	19.11.2021 15:23:29
Höfundur	Lovísa Ásbjörnsdóttir
Sent	19.11.2021 15:23:27
Tilheyrir	 202111-0009 - Hvítanes í Kjós - skipulagslýsing

Efni

Re: Hvítanes_skipulagslýsing

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	19.11.2021 15:23:27	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Lovísa Guðrún Ásbjörnsdóttir - NI (Lovisa.G.Asbjornsdottir@ni.is)
Til	sigurdur@kjos.is
Cc	skipulag@kjos.is

Innihald

<p>Góðan dag, hér fylgir með umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands.</p> <p>Tilvísun í mál nr. 202111-0009 (SS).</p> <p>Vísað er í tölvupóst frá skipulag- og byggingarfulltrúa Kjósarhrepps, dags. 4. nóvember 2021, þar sem óskað er eftir umsögn um skipulagslýsingu fyrir deiliskipulag á landi Hvítaness.</p> <p>Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagslýsinguna og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri.</p> <p>Stefnt er að töluverðri uppbyggingu á jörðinni og einnig að hefja skógrækt. Allt Hvítanes nýtur hverfisverndar skv. aðalskipulagi Kjósarhrepps 2017-2029 vegna fjölda minja frá síðari heimsstyrjöldinni. Stríðsminjar hafa almennt mikið verndargildi. Í aðaskipulaginu kemur einnig fram að Hvítanes er efnistökuastaður (E15), bergnáma með framkvæmdaleyfi allt að 30.000 m³ efnistöku. Þessi bergnáma er austan við Hvítanes, við Hvítingsdali, en hins vegar má sjá á loftmyndum rask á yfirborði (efnistaka?) nyrst á Hvítanesi sem er ekki útskýrt.</p>

Jörðin Hvítanes er í innanverðum Hvalfirði sem er skilgreindur sem mikilvægt fuglasvæði og í innri hluta fjarðarins eru í senn mikilvæg varplönd og vetrarstöðvar ýmissa fuglategunda. Svæðið hefur að þessum sökum verið tilnefnt af Náttúrufræðistofnun sem tillögusvæði fyrir B-hluta náttúruminjaskrár (<https://www.ni.is/node/21562>). Æðarvarp er töluvert og stórir hópar æðarfugla dvelja í firðinum árið um kring. Á veturna dvelur allt að 3% af íslenska flórgoðastofninum í innanverðum Hvalfirði og einnig er töluvert af tjaldi og sendlingi í fjörum. Í landi Hvítaness eru einkum grýttar fjörur og smærri sandfjörur inn á milli.

Huga þarf að áhrifum uppbyggingar á fuglalíf svæðisins, einkum í fjörum og úti á Hvalfirði. Í skipulagslýsingunni segir að m.a. sé stefnt að því að byggja sjóbúð/bryggjuhús. Hvort það feli í sér aukna bátaumferð á svæðinu liggur ekki að öllu fyrir en ástæða er til að meta áhrif af slíkri starfsemi á fugla og annað dýralíf.

Ekki er fjallað um í lýsingunni hvert umfang áætlaðrar skógræktar er eða nákvæma staðsetningu innan jarðarinnar, en huga þarf við ákvarðanatöku um staðsetningu og umfang, hvort í skógræktinni felist möguleg neikvæð áhrif á vistgerðir með hátt verndargildi, fuglalíf, landslag o.fl. Það felst einnig í eðli skógræktarinnar sem um ræðir.

Náttúrufræðistofnun leggur almennt áherslu á að við skipulag og framkvæmdir skuli alltaf skuli leitað leiða til að lágmarka neikvæð áhrif á lífríki og aðra náttúru.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt að frekari athugasemdum á síðari stigum deiliskipulagsvinnunnar.

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500.

[www.ni.is](https://eur01.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.ni.is%2F&data=04%7C01%7Csigmar.metusalemsson%40efla.is%7C84a7452e3a304557d78408d997b9123a%7C2335d9ba1c704058a8ae0dbf4f1d91c5%7C1%7C1%7C637707643402188605%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljojMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTiI6Ikk1haWwiLCJXVCi6Mn0%3D%7C3000&sdata=ILEjdR0Hqll1ckP%2FSWTUnR3sqdR6LQvynkSLRNy%2BdfM%3D&reserved=0) (<https://eur01.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.ni.is%2F&data=04%7C01%7Csigmar.metusalemsson%40efla.is%7C84a7452e3a304557d78408d997b9123a%7C2335d9ba1c704058a8ae0dbf4f1d91c5%7C1%7C1%7C637707643402188605%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljojMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTiI6Ikk1haWwiLCJXVCi6Mn0%3D%7C3000&sdata=ILEjdR0Hqll1ckP%2FSWTUnR3sqdR6LQvynkSLRNy%2BdfM%3D&reserved=0>)



NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Sigurður H. Ólafsson" <sigurdur@kjos.is>

To: "Skipulagsstofnun - SLS" <skipulag@skipulag.is>; "Umhverfisstofnun" <ust@ust.is>; "Minjastofnun Íslands" <postur@minjastofnun.is>; "Eftirlit" <eftirlit@eftirlit.is>; "Vegagerðin - VG" <Vegagerdin@vegagerdin.is>; "skrifstofa@vedur.is" <skrifstofa@vedur.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "shs@shs.is" <shs@shs.is>; "rarik@rarik.is" <rarik@rarik.is>; "Kjósarveitur ehf" <kjosarveitur@kjos.is>; "kjos@kjos.is" <kjos@kjos.is>

CC:

Subject: Hvítanes_skipulagslýsing

Date: 4.11.2021 10:23:20

Góðan dag.

Sent til umsagnar, í samræmi við 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagslýsingin verður kynnt almenningi með auglýsingu í Morgunblaðinu og Lögbirtingablaðinu, ásamt því að vera aðgengileg á heimasíðu Kjósarhrepps og í anddyri hreppsskrifstofu.

Eftir kynningu á skipulagslýsingunni verður fjallað um deiliskipulagið og það auglýst samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010.

Kær kveðja,

Sigurður H. Ólafsson

Skipulags- og byggingarfulltrúi Kjósarhrepps

Sími 566 7100 / 898 2297

Netfang: skipulag@kjos.is



Viðhengi

image001.png (159 KB)

image002.png (11 KB)